



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4.10.2019
Tilvísun: 201909-0006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr.100/2007 (hækkun lífeyris), 6. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr.100/2007 (hækkun lífeyris), 6. mál.

Alþýðusambandið styður markmið frumvarpsins og telur eðlilegt bætur almannatrygginga fylgi þróun lægstu launa til að tryggja að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist ekki aftur úr öðrum hópum.

Nánar er vísað til umsagnar ASÍ um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, 1. mál.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hækkun lífeyris), 6. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að fá frumvarpið sent til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd og Alþingi varðandi það.

Landssamtökin Proskahjálpar lýsa eindregnum stuðningu við frumvarpið og skora á velferðarnefnd að beita sér fyrir því að það verði að lögum.

Sá hópur fólks sem býr við alverstu kjörin í íslensku samfélagi eru þeir sem engar tekjur hafa aðrar en bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þær bætur eru af óútskýrðum og órökstuddum ástæðum umtalsvert lægri (um 30.000 kr.) en atvinnuleysisbætur, sem enginn er þó of sæll af. Staðreyndin er hins vegar sú að atvinnuleysisbætur eru tímabundið ástand á meðan örorkuþegar eru í þessari kröppu stöðu árum saman og margir allt sitt líf, án tækifæra til þess að afla sér annarra tekna.

Örorkuþegar hafa ítrekað setið eftir á síðustu árum. Sú hækkun sem boðuð er í frumvarpi til fjárlaga vegna ársins 2020 er langt undir hækkun lágmarkslauna. Því er óhjákvæmilegt að minna ríkisstjórnina og Alþingi á 69. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, sem hljóðar svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launabróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. (Undirstr. Proskahj.).

Landssamtökin Proskahjálpar óska eindregið eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. október 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr.100/2007 (hækkun lífeyris), 6. mál.

Öryrkjabandalag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr.100/2007 (hækkun lífeyris), 6. mál.

Öryrkjabandalagið styður markmið frumvarpsins og telur eðlilegt bætur almannatrygginga fylgi a.m.k. þróun lægstu launa til að tryggja að kjör lífeyrisþega dragist ekki aftur úr öðrum hópum eins og reyndin hefur verið síðustu ár.

Öryrkjabandalagið telur þó að frumvarpið þyrfti að vera skýrara um það hvaða bótaflokkar það eru sem eiga að hækka og telur mikilvægt að helst verði horft til grunnlífeyris í þeim efnum.

Þá bendir Öryrkjabandalagið á að skv. fjárlagafrumvarpi ársins 2020 er gert ráð fyrir 1.100 milljónum til kerfisbreytinga til að bæta kjör öryrkja sem mætir fjárþörf hækkunar grunnlífeyris að hluta. Nánar um það er vísað til umsagnar ÖBÍ um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, 1.-3. mál.

Ekkert um okkur án okkar


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ